

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 13/2005

Olíuverzlun Íslands

gegn

Samkeppniseftirlitinu

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 28. júní 2005, hefur Olíuverzlun Íslands hf. kært ákvörðun Samkeppnisstofnunar, dags. 23. sama mánaðar, þess efnis að neita að upplýsa hvaða starfsmenn stofnunarinnar tóku ákvörðun um að afhenda Landsambandi íslenskra útvegsmanna ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 með trúnaðarupplýsingum.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist að áfrýjunarnefnd samkeppnismála felli úr gildi ákvörðun Samkeppnisstofnunar frá 23. júní 2005 og hlutist til um að honum verði afhent umbeðin gögn.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er þess aðallega krafist málinu verði vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Til vara er þess krafist að hinn kærða ákvörðun verði staðfest.

II.

Málavextir

Áfrýjandi lýsir málavöxtum svo að með bréfi Landssambands íslenskra útvegsmanna til Samkeppnisstofnunar, dags. 6. desember 2004, hafi verið farið fram á að fá afhenta ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 með þeim upplýsingum sem höfðu verið felldar út vegna trúnaðar. Í kjölfar bréfsins hafi verið leitað eftir áliti áfrýjanda á beiðninni sem hafnaði henni alfarið þar sem hann taldi upplýsingarnar vera trúnaðarupplýsingar samkvæmt 5 gr. upplýsingalaga nr. 50/1996. Samkeppnisstofnun hafi hins vegar ekki verið sama sinnis og talið rétt að afhenda þær. Málinu hafi verið skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem hafi vísaði því frá með þeim rökum að „það ætti frekar undir úrskurðarnefnd upplýsingamála“ (þannig). Eftir að sá úrskurður hafi legið fyrir hafi starfsmenn Samkeppnisstofnunar afhent gögnin Landssambandi íslenskra útvegsmanna hinn 27. maí 2005.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppniseftirlitsins barst barst 20. júlí 2005. Athugasemdir áfrýjanda 3. ágúst 2005 og athugasemdir Samkeppniseftirlitsins 15. sama mánaðar.

Rétt er að taka fram að hinn 1. júlí 2005 tóku gildi ný samkeppnislög nr. 44/2005 og með þeim var Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð lagt niður. Hafa Samkeppniseftirlitið og Neytendastofa tekið við hlutverki Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs.

III.

Sjónarmið málsaðila

Sjónarmið áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er vísað til þess að starfsmenn Samkeppnisstofnunar hafi brotið gegn trúnaðarskyldum sínum samkvæmt 50. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 þegar þeir hafi afhent umræddar trúnaðarupplýsingar án þess að búið væri að úrskurða um eðli þeirra. Áfrýjandi kveðst munu kæra þá til lögreglu fyrir brot sín. Það sé því nauðsynlegt fyrir

hann að fá upplýst um hvaða starfsmenn hafi verið að ræða. Kveðst áfrýjandi m.a. byggja kröfu sína á 15. gr. stjórnslulaga 37/1993 sem veitir aðila skýlausan rétt til upplýsinga um stjórnslumál er varði hann sjálfan.

Sjónarmið Samkeppniseftirlitsins

Til stuðnings kröfu sinni um frávísun málsins bendir Samkeppniseftirlitið á að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 9/2005 *Ker hf. og Olíuverslun Íslands hf. gegn Samkeppnisstofnun* gefi til kynna að stjórnslumál sem tengist framkvæmd samkeppnisyfirvalda á upplýsingalögum sæti ekki kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Þessi úrskurður áfrýjunarnefndarinnar verði ekki skilinn öðruvísi en svo að öll atriði sem tengjast rekstri slíkra mála falli utan lögsögu hennar. Ennfremur vísar Samkeppniseftirlitið til þess að áfrýjandi hafi ekki lögvarða hagsmuna að gæta í málinu þar sem að ekki fáist séð að upplýsingar um nöfn starfsmanna hafi þýðingu varðandi hugsanlega kæru hans til lögreglu. Telji lögregla grun leika á því að refsiverð brot hafi verið framin sé það hennar að rannsaka málið og kanna hverjir beri ábyrgð á ætluðum brotum.

Til stuðnings varakröfu sinni um staðfestingu hinnar kærðu ákvörðunar vísar Samkeppniseftirlitið til þess að hafa beri í huga að beiðni áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar um þessar upplýsingar, dags. 8. júní 2005, hafi verið órökstudd og ekki hafi verið vísað til þess á hvaða lagagrundvelli beiðni hafi verið reist. Þegar af þessari ástæðu hafi Samkeppnisstofnun verið rétt að hafna henni. Áfrýjandi hafi í kæru sinni að einhverju leyti bætt úr þessum ágalla og vísi nú til 15. gr. stjórnslulaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins geti áfrýjandi hins vegar ekki reist neinn rétt á grundvelli þess ákvæðis.

IV.

Niðurstaða

Fram er komið að Samkeppnisstofnun afhenti Landssambandi íslenskra útvegsmanna ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 með trúnaðarupplýsingum. Áfrýjandi krefst þess að stofnunin upplýsi hvaða starfsmenn hennar tóku ákvörðun um afhendinguna. Vísar

hann til þess að hann hyggist kæra þá til lögreglu vegna þessa og sé því nauðsynlegt að fá upplýst um hvaða starfsmenn hafi verið að ræða.

Í 9. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 9. gr. laga nr. 44/2005) segir að ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar skuli sæta kæru til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Áfrýjunarnefndin telur ljóst að ákvörðun um að neita að upplýsa hvaða starfsmenn stofnunarinnar hafi tekið ákvörðun um að afhenda Landssambandi íslenskra útvegsmanna ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 með tilteknum upplýsingum byggji ekki á samkeppnislögum heldur fyrst og fremst á upplýsingalögum og stjórnisýslulögum. Af því leiðir að 9. gr. samkeppnislaga um heimild til kæru á hér ekki við. Ber því að vísa máli þessu frá áfrýjunarnefndinni.

Rétt er að taka fram að afgreiðsla máls þessa hefur tafist vegna sumarleyfa nefndarmanna.

Úrskurðarorð:

Kæru Olíverzlunar Íslands hf. er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 5. september 2005

Stefán Már Stefánsson

Anna Kristín Traustadóttir

Lárus L. Blöndal